

60 amper einfasa	kr. 9 600.00
60 amper þrífasa	— 12 100.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð og/eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi t. d., fyrir lengri tíma — kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða. Hreppsnefnd er heimilt að hækka og lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. til 6. lið gjaldskrár um allt að 20%, enda sé breytingin heimilud af iðnaðarráðuneytinu og auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. september 1975. Jafnframt eru eldri gjaldskrár sama efnis úr gildi felldar.

Iðnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1975.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 178 9. nóvember 1959 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga, sbr. reglugerð nr. 291 26. september 1974.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samanlagt 17 500 að tölu í öllum 12 flokkunum og eru samanlagt að verðmæti kr. 201 600 000.00.

Stjórn SÍBS ákveður vinningatölu og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Þó séu aldrei færri en 1 000 vinningar í 1. flokki og ekki fleiri en 2 500 vinningar í 12. flokki.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 4 800.00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 400.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða

fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berkklasjúklinga, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 22 10. apríl 1974 öðlast gildi 1. janúar 1976.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

29. ágúst 1975.

Nr. 391.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Húsavíkurkaupstað, nr. 33 27. janúar 1972.

1. gr.

67. gr. orðist svo:

Hundahald er bannað á Húsavík, bæjarstjórn er þó heimilt að veita undanþágu frá banninu með þeim skilyrðum, sem talin eru upp í samþykkt um hundahald í Húsavíkurkaupstað.

Flækingshunda og hunda úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni og í taumi, er lögreglunni heimilt að handsama og lóga þegar í stað.

Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur, eru réttdræpir.

Skýlt er lögreglustjóra að hafa eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga samkvæmt því, sem mælt er fyrir um lækningu hunda af bandormum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglu-samþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. ágúst 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.